

Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 25. apríl 2017
Mnr. 2017030115



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - breytingar í ársreikningi 2016 frá fyrri umræðu

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2016 er hér lagður fram í til síðari umræðu samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 2. tl. 1. mgr. 18. gr. laganna.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.403 milljón króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 4.196 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 3.735 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.541 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð 179 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 18 milljónum króna afgangi. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð að fjárhæð 78 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 43 milljóna króna halla. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.162 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 822 milljónum króna.

Eftirfarandi breytingar hafa átt sér stað á milli umræðna.

- Rekstrarframlag fært til Fastís og Hlíf, samanlagt 51,7 milljónir króna
- Ný skýring nr. 15 um leiguskuldir
- Viðbót við skýring nr. 17 um leigusamninga við ríkissjóð vegna hjúkrunarheimilis
- Leiðrétt fjárhæð í skýringu 16 um hreyfingar án greiðsluáhrifa
- Leiðrétt fjárhæð í töflu í skýringu 8 um lóðir og lendur í sveitarsjóði og í fasteignir og lóðir í samantekinn ársreikningur, texta breytt til frekari skýringar.
- Viðbót við skýringu 2. um leiguskuldir
- Viðbót við skýringu 19. Um ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings varðandi Norðurtangann.
- Aðrar skuldbindingar í langtímaskuldum endurskýrðar í „Leiguskuldir“
- Færð næsta árs afborgun leiguskulda undir skammtímaskuldir.
- Áætlun aðalsjóðs, endurtengdur lykill 09-510-4732 „skaðabætur“ kr. 3.000.000, var tengd sem laun og launatengd gjöld en var leiðrétt yfir í annan rekstrarkostnað.

Uppfært 4.5.2017: Ársreikningur leiðréttur

Skýring 19 uppfærð. Fært á 02-590-0891 Endurgreiðslur annarra kr. 33.342.280 til aukninga á tekjum vegna greiðslu í jan 2017 frá Byggðasamalagi Vestfjarað um málefni fatlaðra þar sem um var að ræða greiðslur frá jöfnunarsjóði sem tilheyra rekstrargrunni 2016. Einnig var kreditfært á 02-590-9612 Greiðslur til svf./byggðasaml. Kr. 13.290.366 sem lækkaði kostnað (styrki) en um er að ræða endurgreiðslu á aukaframlagi til Byggðasamlagsins á árinu 2015 vegna rekstrarhalla þess.